

Akureyri 3. janúar 2008

Umsögn um þingsályktunartillögu

Þskj. 48 – 48. mál.

Umsagnaraðili: Ferðamálastetur Íslands


Ferðamálastetur Íslands styður með heilum hug þingsályktunartillögu þess efnis að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og frekari virkjunum í Þjórsá. Nauðsyn er á heilsteyptri framtíðarsýn þegar kemur að ímynd Íslands út á við. Óspillt náttúra er lykill að ímynd landsins og auðvelt er að framreiða sem vöru í ferðaþjónustu. Verndun Þjórsárvera með stækkun friðlandsins er mikilvægur liður í þeirri verðmætasköpun í ferðaþjónustu sem hefur átt sér stað á síðustu árum.

Virði óspilltra svæða fyrir íslenska ferðaþjónustu vex með auknum fjölda ferðamanna sem heimsækir landið ár hvert. Með skráningu Þjórsárvera á heimsminjaskrá UNESCO er sú ímynd af landinu sem við erum stolt af og viljum halda á lofti staðfest. Leggja þarf grunn að áframhaldandi vaxtarmöguleikum íslenskrar ferðaþjónustu í stað skerðingar á þeim auðlindum sem nýttar eru í ferðaþjónustu.



Jón Gestur Helgason

Starfsmaður Ferðamálasteturs Íslands



Edward H. Hújbens

Forstöðumaður Ferðamálasteturs Íslands